


Alþingi
Erindi nr. P 135/2267
komudagur 17. 4. 2008



13. apríl 2008

Inngangur

Í apríl 2008 var frumvarp um opinbera háskóla lagt fram á Alþingi af menntamálaráðherra. Vaka, félag lýðræðissinnaðra stúdenta, heldur úti löggjafavakt sem kannar hvort að frumvörp sem komi fram stangist á við hagsmuni stúdenta, stefnu Háskóla Íslands og gildandi lög.

Við yfirferð á fyrirbyggjandi frumvarpi um opinbera háskóla (Þskj. 847 – 546. mál) sáu fulltrúar Vöku ýmsa vankanta. Í kjölfarið skipaði Vaka starfshóp sem setti fram þessa greinargerð. Í henni er að finna helstu vankanta frumvarpsins og breytingartillögur frá Vöku. Í hnotskurn telur Vaka að í frumvarpinu komi fram atriði sem:

- Gangi gegn hagsmunum stúdenta við Háskóla Íslands
- Stangist á við stjórnarskrá
- Gangi gegn stefnu Háskóla Íslands um virka þátttöku nemenda í stjórnarsýslu skólans
- Geri að engu lýðræðislegar niðurstöður kosninga stúdenta til Háskólaráðs

Við vinnu starfshópsins voru stefna Háskóla Íslands 2006-2011 og almennar ákvarðanir í stjórnarsýslu Háskólans bornar saman við ákvæði í umræddu frumvarpi.

Þeir sem tóku þátt í starfshópnum þekkja vel til Háskólans og hafa starfað í þágu stúdenta um nokkurra ára bil innan Vöku og Stúdentaráðs.

Markmið þessarar greinargerðar er að koma á framfæri tillögum til úrbóta í þágu Háskóla Íslands og stúdenta. Að mati Vöku ber frumvarpið þess merki að hafa verið sett fram í flýti, þar sem ýmsu er þar ábótavant. Undanfarin ár hafa nemendur átt setu- og ákvarðanatökurétt á öllum stigum stjórnarsýslunnar, en gangi frumvarpið óbreytt í gegn mun staða stúdenta veikjast. Einnig er ljóst að samþykkt frumvarpsins mun ýta undir að skólagjöld verði tekin upp í formi skrásetningargjalda.

Tillögur Vöku til úrbóta

1. Fjöldi fulltrúa nemenda í háskólaráði haldist tveir

Litið er til 6. gr frumvarps. Þar kemur fram skipan háskólaráðs:

Rektor háskóla á sæti í háskólaráði hans og er hann jafnframt formaður ráðsins. Auk hans eiga sex fulltrúar sæti í háskólaráði til þriggja ára í senn

1. *Einn fulltrúi háskólasamfélagsins valinn samkvæmt ákvörðun háskólafundar.*
2. **Einn fulltrúi** *valinn af heildarsamtökum nemenda við háskólann.*
3. *Tveir fulltrúar valdir af menntamálaráðherra.*
4. *Tveir fulltrúar valdir af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði.*

Undanfarin ár hefur Háskóli Íslands stigið mörg framfaraskref. Tryggt hefur verið að stúdentar hafi seturétt í öllum helstu nefndum og er þar miðað við fimmtung setufulltrúa. Með þessari breytingu á Háskólaráði fækka fulltrúum nemenda úr tveimur af tíu, niður í einn af sjö eða úr 20% nefndarmanna niður í 14.3%. Stúdentar hafa lengi barist fyrir því að eiga seturétt í ákvarðanatökunefndum innan Háskólans. Stúdentar eru um 80% þeirra sem starfa innan veggja Háskóla Íslands og Vaka telur því eðlilegt að þeir 10.000 stúdentar (um 13.000 eftir sameiningu) sem stunda nám við skólann eigi að lágmarki tvo fulltrúa sem komi að allri ákvarðanatöku í skólanum.

Nú hefur áður verið borin upp sú tillaga að fækka fulltrúum stúdenta í háskólaráði innan skólans. Eftir miklar umræður ákvað háskólaráð með fullum stuðningi rektors að halda tveimur fulltrúum nemenda innan ráðsins. Fyrrgreint frumvarp virðist virða algjörlega að vettugi tillögur háskólasamfélagsins, sem samþykktar voru af háskólafundi og háskólaráði.

Vaka leggur til að eftirfarandi grein verði breytt:

Fyrir:

2. **Einn fulltrúi** *valinn af heildarsamtökum nemenda við háskólann.*

Eftir:

2. **Tveir fulltrúar** kjörnir hlutfallskosningu til tveggja ára í sérstökum kosningum þar sem allir skrásettir stúdentar háskólans hafa kosningarrétt.

Í athugasemdum um 6. gr kemur fram:

„Sú almenna löggjafarstefna hefur mótast á umliðnum árum að fjölskipuð stjórnvöld, sem taka ákvarðanir, séu að meginstefnu til ekki fjölmennari en sjö manna.“

Í átta manna nefnd telur Vaka að vægi rektors eigi að gilda sem úrslitavægi ef til jafnrar atkvæðisgreiðslu kemur. Ef löggjafarvaldið telur nauðsynlegt að sjö einstaklingar skipi háskólaráð telur Vaka einsýnt að fækka eigi fulltrúum menntamálaráðuneytisins eða þeim fulltrúum sem valdir eru af þeim sem fyrir eru í háskólaráði.

2. Fallið sé frá ákvæði frumvarpsins um að háskólaráð geti lagt til hækkun skráningargjalda

Í 24. gr frumvarpsins kemur eftirfarandi fram:

a. skrásetningargjöldum sem nemendur greiða við skráningu í nám, allt að 45.000 kr. fyrir hvern nemanda á ársgrundvelli. Álögð gjöld samkvæmt þessum lið skulu eigi skila háskóla hærri tekjum en sem nemur samanlögðum útgjöldum háskólans vegna nemendaskráningar og þjónustu við nemendur sem ekki telst til kostnaðar við kennslu og rannsóknastarfsemi,

Þetta merkir að Háskóla Íslands sé heimilt að láta nemendur greiða 45.000 krónur í skrásetningargjöld ef nemendaskráning og þjónusta við nemendur nemur þeirri upphæð.

Seinna í 24. gr kemur eftirfarandi fram:

Háskólaráð geta gert tillögu til ráðherra um breytingar á hámarksfjárhæð skrásetningargjalda.

Samkvæmt frumvarpinu fengi háskólaráð heimild til að koma með tillögu til menntamálaráðherra að hækkun skrásetningargjalds við skólann. Slík tillaga yrði þó ávallt að vera samþykkt á þingi.

Í nútímasamfélagi er augljóst að kostnaður við að skrá nemendur í háskóla er töluvert lægri en 45.000 krónur. Engu að síður er það upphæðin sem nemendur greiða fyrir skráningu og þjónustu sem telst ekki til kostnaðar við kennslu og rannsóknarstarfsemi innan Háskólans.

Undir helstu markmið frumvarpsins kemur fram:

Ákvæði 24. gr. frumvarpsins, sem fjallar um fjárhagsmálefni, fela ekki í sér grundvallarbreytingar á gjaldtökuheimildum háskóla en þó er beinlínis gert ráð fyrir að einstakir háskólar geri tillögu til ráðherra um fjárhæð skrásetningargjalda. Fjárhæð þeirra verður þó eftir sem áður fastsett í lögum og breytingar á þeirri fjárhæð verði lagðar fyrir Alþingi af ráðherra eins og verið hefur.

Skráningargjöld við Háskóla Íslands eru að mati Vöku ekkert annað en skólagjöld. Vaka óttast að breyting á þessu frumvarpi muni verða til þess að háskólaráð neyðist, vegna lítils fjármagns Háskóla Íslands, að óska eftir hækkun skrásetningargjalda við Háskólann. Vissulega hefur háskólaráð hingað til haft stöðu og heimild til að óska eftir slíkri gjaldhækkun en Vaka telur gagnrýnivert að ráðinu sé veitt lögformlegt hlutverk við að óska eftir slíkri hækkun við ráðherra. Með því – og boðuðum breytingum á mönnun ráðsins sem eru á kostnað nemenda og starfsfólks en auka vægi ráðuneytisins og utanaðkomandi aðila – er ljóst að ráðherra ætlar Háskólaráði að vera leiðandi í gjaldhækkunum á stúdenta framvegis. Þetta telur Vaka varhugaverða breytingu.

Vaka er á móti skólagjöldum við Háskóla Íslands en hækkun skrásetningargjalda hefur að mörgu leyti verri áhrif á stúdenta heldur en upptaka skólagjalda sem nemur sömu fjárhæð. Ástæða þess er sú að Lánasjóður íslenskra námsmanna lánar fyrir skólagjöldum en ekki skrásetningargjöldum.

Óháður aðili fari yfir kostnað HÍ við skráningu

Fáar skýringar hafa enn sem komið er fengist á því hvernig stjórnvísla Háskólans fékk það út að kostnaður á hvern nemenda við skráningu sé 45.000 krónur, jafnvel þótt skráningin fari að nánast öllu leyti fram rafrænt í dag og ætti að öllu jöfnu að hafa lækkað en ekki hækkað. Við slíka kostnaðarreikninga er ekki ýkja sannfærandi að stjórnvísla HÍ meti það alfarið sjálf hver kostnaðurinn eigi að vera, heldur væri eðlilegra að fenginn yrði óháður aðili til þess að vinna úttekt á því hver raunverulegur kostnaður við skráninguna er og í leiðinni hvaða möguleikar séu til þess að lækka þann kostnað.

Vaka skorar á stjórnvöld að láta vinna slíka úttekt. Upplýsingar byggðar á þeirri vinnu hefðu meiri trúverðugleika en þeir reikningar sem lagðir hafa verið fram þegar rökstyðja á hækkun skrásetningargjalds við HÍ hingað til. Í því sambandi má minna á við síðustu hækkun skrásetningargjalda (frumvarp um að hækka gjöldin úr 32.500 krónur í 45.000 krónur var samþykkt árið 2004) hafði upphaflegt yfirlit kostnaðarliða að geyma ýmsa liði sem tilheyrðu ekki skráningu nemenda í skólann og þurfti að „uppfæra“ listann á meðan málið var til umfjöllunar.

Í ljósi þess að skrásetningargjöld við Háskóla Íslands eru mun hærri en sem nemur kostnaði við skráningu nemenda og þjónustu Háskólans, og að umrædd grein muni einungis auka líkur á því að háskólaráð biðji um aukið fjármagn í formi skrásetningargjalda, krefst Vaka að eftirfarandi grein verði fjarlægð:

Háskólaráð geta gert tillögu til ráðherra um breytingar á hámarksfjárhæð skrásetningargjalda.

Brot á stjórnarskrá

Fleira kemur fram um fjármögnun Háskólans sem Vaka telur verðugt að benda á.

Í 24. gr frumvarpsins kemur eftirfarandi fram:

Í reglum háskólaráðs er jafnframt heimilt að verja hluta skrásetningargjalds til félagssamtaka stúdenta.

Ef hluti af skrásetningargjöldum allra nemenda rynni til félagssamtaka stúdenta væri þar með verið að neyða stúdenta til aðildar í félagssamtökum stúdenta. Vaka sér ekki betur en að slíkt brjóti gegn stjórnarskrá lýðveldisins Íslands þar sem fram kemur:

74. gr. Engan má skylda til aðildar að félagi.

Félagið óskar eftir því að menntamálanefnd fari vandlega yfir það hvort þetta ákvæði standist stjórnarskrá.

3. Fulltrúar skulu kjörnir til tveggja ára en ekki þriggja

6. gr frumvarps:

Rektor háskóla á sæti í háskólaráði hans og er hann jafnframt formaður ráðsins. Auk hans eiga sex fulltrúar sæti í háskólaráði til þriggja ára í senn.

Þessi grein tekur ekki tillit til aðstæðna stúdenta. Í flestum greinum er B.A. og B.S. nám skilgreint sem þriggja ára nám. Einnig er ljóst að nýkjörnir háskólaráðsfulltrúar taka ekki við sæti sínu fyrr en í júní á hverju ári. Vegna þessa væri einungis mögulegt fyrir nemendur sem stefna á lengra nám en þriggja ára að bjóða sig fram til stöðu háskólaráðsfulltrúa. Vissulega gætu nemendur setið lengur að námi loknu, en hætta er á því að tengsl fulltrúa nemenda við nemendur í Háskólanum séu minni eftir því sem kjörtímabil þeirra lengist.

Hvergi er gert grein fyrir rökstuddri ástæðu þess að setutími Háskólaráðs skuli lengjast um eitt ár. Vaka leggur því til að eftirfarandi grein verði breytt.

Fyrir:

*Rektor háskóla á sæti í háskólaráði hans og er hann jafnframt formaður ráðsins. Auk hans eiga sex fulltrúar sæti í háskólaráði til **þriggja ára í senn.***

Eftir:

*Rektor háskóla á sæti í háskólaráði hans og er hann jafnframt formaður ráðsins. Auk hans eiga sex fulltrúar sæti í háskólaráði til **tveggja ára í senn.***

Til vara leggur Vaka til að kjörtímabil fulltrúa stúdenta í Háskólaráð verði sem áður fyrr tvö ár þrátt fyrir að kjör annarra fulltrúa verði þrjú ár. Til þrautavara leggur Vaka til að lýðræðislega kjörinn formaður heildarsamtaka nemenda muni sitja í Háskólaráði sem fulltrúi stúdenta í eitt ár frá kjöri sínu.

4. Háskólafundarfulltrúar kosnir til eins árs

Samkvæmt 10. gr frumvarpsins kemur fram:

*Á háskólafundum eiga einnig sæti til **tveggja ára** í senn tveir fulltrúar samtaka háskólakennara kjörnir í skriflegri kosningu úr hópi félagsmanna sem ekki gegna störfum forseta og tveir fulltrúar starfsmanna við stjórnslu háskólans kjörnir í skriflegri atkvæðagreiðslu. Auk þess á sæti á háskólafundum einn fulltrúi nemenda á móti hverjum fimm fulltrúum annarra aðila innan háskólans, og skulu þeir kjörnir í sérstökum kosningum til **eins árs** í senn.*

Vaka telur að ekki hafi komið fram fullnægjandi útskýringar á því af hverju fulltrúar nemenda skuli sitja einungis eitt ár í senn en fulltrúar samtaka háskólakennara skuli sitja tvö ár í senn. Einnig er ósamræmi á reglum um fulltrúa á háskólafundum og fulltrúa í háskólaráði, en fulltrúar í háskólaráði, bæði frá stúdentum og aðrir skulu sitja til þriggja ára.

Háskólafundur er einungis haldinn tvisvar sinnum á ári að jafnaði. Vaka telur eðlilegra að fulltrúar þar sætu til þriggja ára frekar en tveggja eins og raun ber vitni. Aftur á móti myndi sama vandamál skapast þar líkt og bent er á ofar í þessari grein. Þ.e.a.s. að einungis fámennur hópur nemenda gæti boðið sig fram þar sem B.A. og B.S. nám er almennt skilgreint sem þriggja ára nám.

Vaka leggur því til að eftirfarandi grein verði breytt:

Fyrir:

Á háskólafundum eiga einnig sæti til tveggja ára í senn tveir fulltrúar samtaka háskólakennara kjörnir í skriflegri kosningu úr hópi félagsmanna sem ekki gegna störfum forseta og tveir fulltrúar starfsmanna við stjórnslu háskólans kjörnir í skriflegri atkvæðagreiðslu. Auk þess á sæti á háskólafundum einn fulltrúi nemenda á móti hverjum fimm fulltrúum annarra aðila innan háskólans, og skulu þeir kjörnir í sérstökum kosningum til eins árs í senn.

Eftir:

Á háskólafundum eiga einnig sæti til tveggja ára í senn tveir fulltrúar samtaka háskólakennara kjörnir í skriflegri kosningu úr hópi félagsmanna sem ekki gegna störfum forseta og tveir fulltrúar starfsmanna við stjórnslu háskólans kjörnir í skriflegri atkvæðagreiðslu. Auk þess á sæti á háskólafundum einn fulltrúi nemenda á móti hverjum fimm fulltrúum annarra aðila innan háskólans, og skulu þeir kjörnir í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn.

5. Nánari skýringar á útfærslu laganna

Samkvæmt frumvarpinu eiga lögini að taka gildi 1. júlí 2008. Samræmist það dagsetningum um sameiningu Kennaraháskóla Íslands. Ýmsir vankantar eru þó þar á.

Háskólaráðsfulltrúar

Síðastliðinn febrúar voru tveir fulltrúar nemenda kosnir til háskólaráðs. Þessir fulltrúar voru kosnir til tveggja ára. Verði þetta lagafrumvarp samþykkt óbreytt er nauðsynlegt að skýrt komi fram með hvaða hætti útfærsla þessara laga fer fram með

sérstöku tilliti til stúdenta. Þurfa lýðræðislega kjörnir fulltrúar til tveggja ára að láta af embætti og ganga til kosninga að nýju, áður en kjörtímabil þeirra er liðið? 29. gr. segir:

Í ljósi þess er ekki talin þörf á að kveða á um frekari tímamörk í þessu sambandi. Þá er í 4. mgr. gert ráð fyrir því að Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri skuli fyrir árslok 2008 laga innra skipulag sitt að ákvæðum

Vaka vill að nánar verði skýrt frá hvernig útfærslu laganna verður háttað, og þá sérstaklega hver verði afdrif kjörinna háskólaráðsfulltrúa sem kosnir hafa verið lýðræðislegri kosningu til tveggja ára frá því í febrúar 2008.

6. Jákvæðar breytingar sem frumvarpið boðar

Með frumvarpinu myndu ýmsar jákvæðar breytingar verða á málum Háskólans. 4. gr. þess stuðlar að auknu sjálfræði hvers skóla. Einnig setur 4. gr. fram skýrt og einfalt skipulag sem mun auka hagræðingu í daglegum rekstri Háskólans.

Í 14. gr. er fjallað um skólafundi sem munu fjalla um innri málefni skóla. Slíkir fundir efla möguleika stúdenta á að koma skoðunum sínum á framfæri og styrkja þannig lýðræði í stjórnslu Háskólans.

Í 12. gr. kemur fram:

Daglegri starfsemi skóla stýrir forseti. Rektor ræður forseta hvers skóla að undanenginni auglýsingu. Heimilt er rektor að kalla starfsmann háskóla til þess að vera forseti yfir skóla. Um tímalengd ráðningar fer samkvæmt reglum sem háskólaráð setur. Rektor setur forsetum erindisbréf.

Sú hefð hefur myndast að þessu embætti sé skipt jafnt milli fulltrúa hveurrar deildar. Með þessari breytingu mun hæfasti aðilinn gegna embættinu hverju sinni. Slík breyting er af hinu góða, enda um veigamikið embætti að ræða.

Niðurstaða

Ljóst er að fari fyrirleggjandi frumvarp óbreytt í gegnum Alþingi væri það stórt skref aftur á bak fyrir Háskóla Íslands. Fulltrúar frá Háskóla Íslands og nemendur hans hafa unnið að metnaðarfullu markmiði undanfarin ár: að koma Háskóla Íslands í hóp 100 þeirra bestu í heimi. Til að ná þessu markmiði er mikilvægt að fulltrúar stúdenta eigi sterkan málsvara í öllum ákvarðanatökuferlum innan skólans.

Með samþykkt frumvarpsins munu eiga sér stað einar umfangmestu breytingar á innra skipulagi skólans frá upphafi. Frumvarpið ber þess keim að vera unnið í fljótfærni fyrir þingslok þar sem lítið tillit er tekið til fyrri ákvarðana Háskólans og ábendinga stúdenta.

Það sem Vaka telur hér mestu máli skipta er tvennt:

1) Að fækka eigi fulltrúum nemenda í æðsta ráði Háskólans

Háskólaráð hefur þegar átt langa, opna umræðu um fjölda nemenda í háskólaráði og sammælt um að fulltrúar nemenda skuli áfram haldast tveir. Þetta var gert með fullum stuðningi ráðsins og rektors. Frumvarpið virðist því virða fyrrum ákvarðanir Háskólans að vettugi.

2) Að háskólaráð sé hvatt til að sækjast eftir hærri skrásetningargjöldum

Vaka telur gagnrýnivert að ráðinu sé veitt það lögformlega hlutverk að óska eftir slíkri hækkun við ráðherra. Með því – og boðuðum breytingum á mönnun ráðsins, sem eru á kostnað nemenda og starfsfólks, en auka vægi ráðuneytisins og utanaðkomandi aðila – er ljóst að ráðherra ætlar háskólaráði að vera leiðandi í gjaldhækkunum á stúdenta framvegis. Þetta telur Vaka varhugaverða breytingu. Skrásetningargjöld eru ekkert annað en skólagjöld, þar sem kostnaður við skráningu nemenda og þjónustu vegna þeirra er mun lægri en 45.000 krónur. Vaka skorar á stjórnvöld að láta vinna óháða úttekt á kostnaði við skráningu nemenda í skólann og möguleikum til hagræðingar

Án breytinga mun þetta frumvarp vera stórt skref aftur á bak fyrir Háskóla Íslands og baráttu stúdenta fyrir bættum Háskóla.

Kristján F. Kristjánsson

690-1340